

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Nýtt
Nóva blað
fylgir blaðinu
í dag!

Taktu
sumarið
með iPhone!

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

6. júní 2011
130. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011



Dúxaði úr FB

Snæfríður Jóhannsdóttir
fann sig í textíl- og
hönnunarnámi við FB.

tímamót 14

Svo skal böll bæta...

„Áfengisauðingur eru
vissulega viðkvæmt mál hér
á landi,“ segir Guðmundur
Andri Thorsson.

í dag 13




Nítján marka veganesti

Ísland er komið með annan
fótinn inn á HM í Brasilíu
eftir sigur á Úkraínu í gær.

sport 22

veðrið í dag



LÉTTSKÝJAD Í dag verða norðan
5-13 m/s. Skýjað og úrkomulítið N-
og A-til en annars yfirleitt léttskýj-
að. Hiti 3-12 stig, mildast S-lands.

VEÐUR 4

Lactoghurt
daily

Einstök blanda mjólkursýrugerla



Með daglegri inntöku mjólkursýr-
gerla getur þú stuðlað að bættri
parmaflöru, jafnað ástand meltingar-
innar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.
Lactoghurt fæst í apótekum.

Auka á eftirlit stjórnvalda með meðferðarstofnunum

Breytingar verða gerðar á eftirfylgni stjórnvalda með meðferðarstofnunum. Eftirlit verður hert og samningsákvæðum breytt. Breytingarnar eru vegna samninga ríkisins við stofnanir tengdar Barnaverndarstofnu.

FÉLAGSMÁL Eftirlit með áfangaheimilum og meðferðarstofnunum sem eru með samninga við ríkið verður aukið. Við gerð nýrra samninga er unnið að því að gera eftirlitið óháðara og sjálfstæðara en verið hefur. Fram til þessa hefur matið nær eingöngu verið á höndum sömu aðila og semja um starfsemina. Ætlað er að breytingarnar taki gildi á næsta ári.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir forvarsmenn stofnananna hafa verið með eins konar árangursmat og því verði áfram fylgt eftir. Unnið sé að gerð eftirlitskerfis með samningum sem ríkið geri við meðferðarstofnanir. Breytingarnar segir hann meðal annars tilkomnar vegna

„Þetta er einn af veikleikum kerfisins sem þarf að laga.“

GUÐBJARTUR HANNESSON
VELFERÐARRÁÐHERRA

mála sem tengjast Barnaverndarstofnu og gagnrýni Ríkisendurskoðunar á að sami aðili geri samningana og hafi eftirlit með þeim. Þar er meðal annars átt við samninga við meðferðarheimilið Árbót, Byrgið og Götusmiðjuna.

„Viðurkennast verður að við getum ekki fjármagnað minni samtök án þess að vera með miklu betra eftirlit en við vorum með,“ segir Guðbjartur. „Þessar

stofnanir eru dæmi um það og við erum að lenda í vandræðum með fleiri.“ Ráðherra bætir við að í ljósi þessa sé mjög mikilvægt fyrir ríkið að skilgreina kröfur sem gerðar séu til stofnana og sjá hvernig þeim sé framfylgt. „Þetta er einn af veikleikum kerfisins sem þarf að laga.“ Verði ekki staðið við gerða samninga segir Guðbjartur ríkið munu grípa inn í. Eftirlit með einstökum stofnunum sem eru með samninga við ráðuneytið hefur þegar verið endurskoðað, en með breyttum reglum á að koma þeim málum í skipulagðari farveg til lengri tíma.

Gunnar Smári Egilsson, nýr formaður SÁÁ, gagnrýnir stjórnvöld

í grein í Fréttablaðinu á laugar-
dag. Hann segir ríkisfjármunum
varið í lítil og veik meðferðarfélög
sem hafi ekki þrótt til að veita
boðlega þjónustu eða halda henni
úti. Í grein sem birtist um helgina
á vef SÁÁ nefnir hann sérstaklega
Götusmiðjuna og Byrgið.

Guðbjartur segir vissulega
nauðsynlegt að ríkið vandi sig við
fjárveitingar til meðferðarstofna-
na og fylgist náið með hvað virki
og hvað virki ekki. Það sé einmitt
undirstaða þess aukna eftirlits
sem farið verði í gang með.

„Ég get ekki séð að SÁÁ eigi að
vera eitt eftir á markaðnum, það
þarf vissulega að veita aðhald
þar eins og annars staðar,“ segir
Guðbjartur.

- sv



HORFST Í AUGU

Hundaræktarfélag Íslands hélt hundasýningu í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Besti hundur sýningarinnar var Sankti Bernharðshundurinn Sankti-Ice Forever Perfect en eigandi hans er Guðný Vala Tryggvadóttir. Dönsku dómarnir Kresten Scheel og Sven Løvenkjær veita hér Guðnýju Völu fyrstu verðlaun. Við hlið hennar er Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður Hundaræktarfélagins.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

Hafa farið fram úr sér í gagnrýni á kvótafrumvarpið, segir Ólína Þorvarðardóttir:
Fjárfesting löngum lítil í sjávarútvegi

EFNAHAGSMÁL „Fjárfesting í sjávarútvegi hefur nánast ekki verið nein í tíu ár,“ segir Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

Hún telur Alþýðusamband Íslands og aðra hafa farið fram úr sér með útreikningum um væntanleg efnahagsleg áhrif frumvarps um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Í drögum að minnisblaði Alþýðusambandsins kemur fram að breytingarnar veiki rekstrargrundvöll sjávarútvegsfyrirtækja, fjárfestingar dragist saman og geti það staðið í vegi fyrir því að gengi krónunnar styrkist.

Ólína segir viðbrögð útgerðarfyrirtækja landsins

og hagsmunaaðila gegn breytingum á kvótafrumvarpinu of harkaleg. Þvert á það sem útgerðin haldi fram felist atvinnuöryggi í fimmtán ára nýtingarsamningi. Fáar greinar búi við slíkt.

Fyrstu umræður um kvótafrumvarpið standa nú yfir. Að þeim loknum fer það fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Hópur hagfræðinga á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis vinnur hagfræðilega úttekt á frumvarpinu og á hún að vera tilbúin þegar umsagnir við það berast. Þá mun úttektin liggja til grundvallar álitu nefndarinnar þegar hún afgreiðir málið aftur til þingsins.

„Mér finnst rétt að biða eftir úttektinni,“ segir Ólína.

- jab / sjá síðu 4

Íslensk fyrirsæta á uppleið:
Brynja vekur athygli í London

FÓLK „Myndirnar eru sérstaklega fallegar og þetta virðist allt bara hafa smellið saman, stíliseringin, myndtakan og hið frísklega útlit Brynju,“ segir Andrea Brabin hjá Eskimo Models.

Myndaþáttur með fyrirsætunni Brynju Jónbjarnardóttur hefur vakið mikla athygli í netheimum undanfarið. Um er að ræða myndaþátt eftir hinn kunna ljósmyndara Toby Knott. Hafa myndirnar birst á fjölmörgum erlendum tiskubloggum.

Brynja er sautján ára fyrirsæta sem spáð er miklum frama. Hún er nú búsett í London.

- sm / sjá síðu 26



BRYNJA JÓN-
BJARNARDÓTTIR

**SANYL
PAKRENNUR**



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ALFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755



Haffi, er sjómennskan ekki ástir og ævintýr?

Nei, sjómennskan er ekkert grín.

Hafsteinn Þór Guðjónsson, betur þekktur sem Haffi Haff, hélt snemma til sjós ásamt föður sínum við strendur Alaska.

Rauður litur hefur áhrif á kraft: Rauðklædd lið vinna frekar

VÍSINDI! Að horfa á rauðan lit gefur aukinn kraft og snerpu, en eykur jafnframt áhyggjur og dregur úr einbeitingu, samkvæmt niðurstöðum vísindamanna sem birtar eru í vísindaritinu Emotion.

Þannig eru þeir sem keppa í íþróttum á móti rauðklæddum liðum líklegri til að tapa, því aukinn styrkur og snerpa veiga ekki upp á móti neikvæðum áhrifum af rauða litnum.

Ástæðuna rekja vísindamenn til þess að árásargirni valdi því að fólk roðni í framan. Þess vegna tengi fólk ómeðvitað rauðan lit við hættu, og viðbrögðin séu eftir því.



ARNI FRÍÐRIKSSON Verið er að kortleggja „brjálada hrygg“.

Kortleggja hrygningarástæður: Hafró mælir á „brjálada hrygg“

HAFRANNSÓKNIR Hafrannsóknastofnunin hefur lokið fjölgeisla-dýptarmælingum á Látragrundi vestur af Breiðafirði. Markmið mælinganna er að fá upplýsingar um botnlögun á hrygningarástæðum steinbíts á svæði betur þekktu sem „brjáladi hryggurinn“ meðal sjómanna.

Hryggurinn er jökulgarður sem myndaðist á ísöld þegar sjávarstaða var lægri og jöklar náðu langt út á landgrundið. Í heild sýna niðurstöður að ísaldarjökullinn hefur átt mikinn þátt í að móta landslag á Látragrundinu þar sem steinbiturinn hrygnir nú.

Nýr formaður SÁÁ gagnrýnir rítalínnotkun harðlega og líkir fyrrum réttargeðlækni við snákasölumann: Læknir segir rítalínnotkun Íslendinga eðlilega

HEILBRIGÐISMÁL Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, skrifaði grein á vef SÁÁ um helgina þar sem hann gagnrýnir harðlega rítalínnotkun Íslendinga og greiningu á athyglisbresti og ofvirkni (ADHD) hjá fullorðnum. Hann nefnir sérstaklega vinnubrögð Grétars Sigurbergssonar, geðlæknis og fyrrverandi yfirlæknis á réttargeðdeildinni á Sogni, og segir þau byggja á hæpnun grunni.

Gunnar Smári líkir Grétari við sölumann snákaolú og bendir á að fyrir fjórtán árum hafi ADHD fullorðinna verið óþekktur

sjúkdómur hér á landi.

Kostnaður sjúkratrygginga vegna rítalíns hafi verið um 550 milljónir króna í fyrra og um helmingurinn vegna ávísana til fullorðinna.

Grétar er því ósamála að Íslendingar noti of mikið af rítalíni, en fyrir tveimur árum var hann sá læknir sem ávísaði mestu



GRÉTAR SIGURBERGSSON



GUNNAR SMÁRI EGILSSON

af rítalíni til sjúklunga sinna, yfir 200 þúsund dagskömmtum. Grétar segir slegið fyrir neðan beltisstað í grein Gunnars Smára sem sé rituð af fákunnáttu um mála-flokkinn. Þá segir hann „vitleysu“ að Íslendingar séu heimsmeistarar í rítalíneyslu, hins vegar sé þjóðin mjög framarlega í meðhöndlun á ADHD

fullorðinna.

Hann segir að þar til fyrir nokkrum árum hafi Bandaríkjamenn neytt rítalíns í mun meira mæli en Íslendingar, en nú sé komið nýtt lyf á markað þar í landi sem virðist virka betur en rítalín. Lyfið er ekki komið til Evrópu en til stendur að koma því á markað í Frakklandi og Bretlandi, að sögn Grétars.

Spurður um muninn á þessu nýja lyfi og rítalíni svarar hann: „Það er reyndar skylt rítalíni, en er samt öðruvísi.“ Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Átti að sækja um 160 undanþágur

Stórfyrirtæki með milljarðaveltu og stórfjárfestar þurfa ekki að skila gjaldeyri heim. Sjómaðurinn Lúðvík Júlíusson hefur þurft að berjast fyrir því að sleppa undan skilaskyldu. Hún kostar hann helming af öllum erlendum tekjum hans.

NEYTENDAMÁL „Ég er á móti því að einn fái undanþágu en ekki annar“, segir Lúðvík Júlíusson. Hann hefur staðið í stappi við Seðlabankann um nokkurra mánaða skeið til að fá gjaldeyrishöftunum breytt. Hann vill láta gera þau mannlegri, fólk sé ekki reitir í excel-skjali.

Lúðvík hefur sent umboðsmanni Alþingis og Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, kvörtun vegna gjaldeyrishaftanna enda telur hann á sér brotið. Lúðvík á erlendar eignir en er skikkaður til að skila fjármagnstekjum af þeim heim í samræmi við reglur um skilaskyldu á gjaldeyri. Ekki er um háar fjárhæðir að ræða.

Hann var sjómaður í Sandgerði og byggði upp sparnað með mjög dreifðri fjárfestingu utan landsteinanna þegar gengi krónunnar var sterkt. Þær skila honum um eitt þúsund Bandaríkjadöllum á ári, tæpum 115 þúsund krónum, sem dreifast á 160 eignir. Arður af hverri fjárfestingu er mjög lítill.

Samkvæmt reglum um skilaskyldu á sá sem er með eina milljón evra, jafnvirði 160 milljóna króna, í erlendar fjármagnstekjur hvorki að tilkynna það til Seðlabankans né skila þeim heim sé féð nýtt til endurfjárfesta erlendis. Vaxtatekjum upp á eitt evrusent, 1,65 krónur, þarf að skila til Seðlabankans eða

Sendi Seðlabankanum frímerki

Lúðvík sendi Seðlabankanum undanþágubeiðni í maí og óskaði eftir því að fá staðfestingu fyrir móttöku til baka. Hann lét frímerki fylgja með svo Seðlabankinn slyppi við burðargjaldið. Í svarbréfi Seðlabankans fylgdi frímerkið með ásamt skýringum.



sækja um undanþágu. „Ég er ekki að fara fram á forréttindi heldur er ég aðeins að fara fram á sömu réttindi og þeir sem eru með háar fjármagnstekjur fá í gjaldeyrishöftunum“, segir Lúðvík.

Hann sótti um undanþágu frá gjaldeyrishöftunum í fyrra en fékk neitun á þeim forsendum að tekjurnar ógnuðu stöðugleika í gengis- og peningamálum. Hann segir að þar sem upphæðirnar dreifist yfir árið kosti það sig um 65 þúsund krónur að skila fénu heim.

Lúðvík kærði upphaflega ákvörðun Seðlabankans til efna-hags- og viðskiptaráðuneytis en fékk þau svör að ákvörðun Seðla-

bankans hefði verið gild. Bent var á að hann yrði að senda undanþágu fyrir hverja greiðslu sem honum bærst, alls 160 beiðnir. Í kjölfarið sendi hann inn sautján undanþágubeiðnir, þar af eina upp á átta evrusent, þrettán íslenskar krónur. Svör bárust mishægt, í sumum tilvikum þurfti hann að bíða í á fjórða mánuð. Þetta skilaði honum á endanum undanþágu til hálfis árs.

Lúðvík sótti enn á ný um undanþágu frá höftunum um miðjan síðasta mánuð og barst svar daginn eftir þar sem fram kom að afgreiðslutími erindisins væri að lágmarki fjórar vikur. Útgerðarfélagið Samherji fékk um svipað leyti heimild til að taka út rúmar 1,2 milljónir króna í evrum og pundum sama dag og beiðni barst vegna fyrirhugaðs ferðalags nokkurra starfsmanna til Brussel í apríl.

„Ég kvartaði undan þessum vinnubrögðum“, segir Lúðvík og átelur Seðlabankann fyrir mismunum.

jonab@frettabladid.is



SÍFELT FLEIRI HJÓLA Borgin safnar gögnum til að gera hjólaleiðir öruggari.

Hjólakönnun í Reykjavík: Hjólreiðafólk telur sig öruggt

SAMGÖNGUR Átta af hverjum tíu hjólandi Reykvíkingum telja að hjólaleið þeirra til og frá vinnu sé örugg. Sjö af hundræði telja hana óörugga.

Þetta kom fram í könnun sem Reykjavíkurborg gerði í tengslum við átakið Hjóláð í vinnuna. Um 900 ábendingar bárust í könnuninni en markmiðið hennar er að safna gögnum um hjólaleiðir og bæta þær. Upplýsingarnar nýtast við að fækka vástöðum og fylgja eftir hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar.

Hvetja til sjálfstæðis stofnana: Lýsti nýjum reglum FME

STJÓRNSÝSLA Þing Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) hvetur stjórnvöld, fjölmiðla og almenning í Evrópu til að standa vörð um sjálfstæði þessara stofnana. Þingið stóð 30. maí til 2. júní.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi var með erindi á þinginu þar sem hann fjallaði um breytingar á lagaumhverfi og starfsháttum Fjármálaeftirlitsins (FME). Með nýjum lögum mætti segja að eftirlit FME hafi færst frá því að vera byggt á ítarlegum reglum í átt til þess að vera bæði byggt á slíkum reglum og túlkun á tilteknum grunnreglum.

Úrval af málverkum Frábær verð

Gallery Art 2b Erum á móti IKEA

Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 33 22 00 - www.art2b.is

Umferðin á hringvegnum hefur dregist saman um níu prósent frá áramótum: Stefnir í mesta samdrátt í áratugi

SAMGÖNGUR Umferðin um hringveginn hefur dregist saman um tæplega níu prósent það sem af er ári, og stefnir í mesta samdrátt í akstri landsmanna í áratugi. Ástæðan er einkum talin vera gríðarlegar hækkningar á bensínverði, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni.

Vegagerðin mælir umferð um þjóðveg 1 á sextán stöðum víðs vegar um landið. Umferð hefur minnkað mest á Suðurlandi, um tæp átján prósent, en minnst nærri höfuðborgarsvæðinu, um ríflega sex prósent. Byggt er á bráðabirgðatölum Vegagerðarinnar.

Samdrátturinn er jafnvel meiri þegar nýliðinn maímánuður er borinn saman við sama mánuð í fyrra.

Umferðin nú var 10 prósentum

Mikið dregur úr umferð á hringvegnum		
Landsvæði	Frá áramótum	Maí 2011/Maí 2010
Suðurland	-17,8%	-19,9%
Höfuðborgarsvæðið	-6,2%	-4,5%
Vesturland	-10,3%	-15,1%
Norðurland	-7,4%	-13,4%
Austurland	-6,5%	-12,7%
Samtals	-8,8%	-10%

Heimild: Vegagerðin


minni á landsvísi. Mest dróst umferðarþunginn saman á Suðurlandi, um 19,9 prósent, en aðeins um 4,5 prósent á höfuðborgarsvæðinu.

Í spá Vegagerðarinnar er reiknað með að samdrátturinn á árinu verði 7,7 prósent á landinu öllu. Gangi sú spá eftir verður um mesta samdrátt að ræða frá árinu

1975, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar.

Umferðin dróst saman um tæplega tvö prósent í fyrra samkvæmt bráðabirgðatölum Vegagerðarinnar. Fram til ársins 2008 heyrði það til algerra undantekninga ef umferð dróst saman milli ára.

- bj



TOYOTA

ÍSLANDSMET!



Sigurrós Pétursdóttir sigraði í árlegri sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu, á Toyota Yaris með 1,4 l dísilvél. Bíllinn eyddi aðeins 2,63 lítrum af eldsneyti á hverja 100 km, sem er besti árangur í keppninni frá upphafi.

Kynntu þér Yaris strax í dag og aktu sparlega inn í framtíðina.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

GENGIÐ 03.06.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,07	114,61
Sterlingspund	186,07	186,97
Evra	165,23	166,15
Dönsk króna	22,159	22,289
Norsk króna	21,174	21,298
Svænsk króna	18,357	18,465
Japanskt jen	1,4153	1,4235

SDR 182,89 183,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,5515

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HRAFNEYÐUR Í HÖFN Tafir hafa orðið á veiðum vegna óhagstæðs veðurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Átta hrefnur komnar á land: Kvótinn aldrei allur nýttur

SJÁVARÚTVEGUR Hrefnuveiðimenn hafa landað átta hrefnum í sumar, en tvö dýr veiddust í á föstudag. Dýrin voru nokkuð vel á sig komin miðað við árstíma. Rúmlega átta metra langur tarfur, en hitt dýrið var öllu minna kvendýr, að sögn skipsverja á Hrafnreyði KÓ.

Hrefnuveiðimenn mega veiða 216 dýr á vertíðinni, auk fimmtungs af óveiddum dýrum síðustu vertíðar. Sá kvóti verður aldrei nýttur allur en í fyrra veiddust sextíu dýr. Kjötíð af þeim kláraðist að kalla áður en vertíðin hófst í ár.

Drengur greip til örþrífaraða: Seldi nýra til að eiga fyrir iPad

KÍNA Sautján ára kínverskur drengur seldi úr sér annað nýrað á svörtum markaði til að fá peninga fyrir iPad lestölvu og fartölvu, að því er BBC greinir frá.

Drengurinn svaraði auglýsingu um líffæra kaup sem hann sá á netinu og var í kjölfarið fluttur á spítala þar sem nýrað var skorið úr. Hann fékk jafnvirði 460 þúsund króna fyrir líffærið.

Móðir drengsins knúði hann sagna eftir að hafa fundið iPadinn og tölvuna í herbergi hans.

Rannsókn bendir til að Grímsvatnagosíð hafi haft óveruleg áhrif á veiðivötn:

Engin merki um fiskdauða í ám

ELDGOS Veiðimálastofnun hefur ekki haft spurnir af neinum fiskdauða í ám eða vötnum í kjölfar Grímsvatnagosins. Skaðleg áhrif kunna þó að koma fram þegar aska skolast í árnar.

Farin var vettvangsferð 27. maí og ár kannaðar á öskufallssvæðinu í Landbroti, á Síðu og í Fljóts hverfi í Skaftárhreppi. Aska var alls staðar greinileg á jörðu, og fór mikið vaxandi þegar komið var austur fyrir Fossála og austur í Fljóts hverfi, en þar varð öskufallið mest. Allar bergvatnsár voru litaðar af öskuframburði.

Ein ástæða þess að ekki hefur orðið vart við fiskdauða er rakin til þess að sjóbirtingur, hrygningarfiskur og geldfiskur, sem verið hefur í ánum í vetur, er líklega að hluta genginn til sjávar.

Ólíklegt er talið að öskuframburður hafi teljandi áhrif á vatnalífriki lindánna í Skaftárhreppi. Hinsvegar geta meiri áhrif komið fram í dragánum, sem taka til sín vatn af yfirborði sem skolað getur ösku í árnar.

Frekari rannsóknir munu væntanlega gefa betri mynd af því hver áhrif öskufalls frá Grímsvötnum



HÁGAFOSS Lífríkið í Geirlandsá virðist hafa sloppið mjög vel þrátt fyrir mikið öskufall.

MYND/ARNAR ÖSKARSSON

hefur haft á fiska í ám í Skaftárhreppi, til dæmis á kviðpokaseiðin, sem eru viðkvæm.

Margir í ferli hjá Íslandsbanka:

Búið að hjálpa 233 fyrirtækjum

VIÐSKIPTI Öll fyrirtæki sem hafa skilað inn nauðsynlegum gögnum og sótt um lausn sinna mála á svokallaðri Beinu braut hjá Íslandsbanka hafa fengið hana eða eru í úrlausnarferli. Í tilkynningu bankans segir að þetta eigi við um 233 lítil og meðalstór fyrirtæki.

Beina brautin byggir á samkomulagi um úrvinnslu á skuldamálu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og var undirritað af hagsmunaaðilum í lok síðasta árs.

- jab

Fjárfestu ekki skynsamlega

ASÍ segir kvótafrumvarpið geta dregið svo úr fjárfestingu sjávarútvegsfyrirtækja að það hamli styrkingu krónunnar. Of dökk mynd, segir prófessor í hagfræði. Umframhagnaður hafi hingað til farið úr greininni.

Kvótafrumvarpið í hnotskurn

Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu skiptist í tvö frumvörp, það minna og það stóra. Bæði frumvörpin voru lögð fyrir Alþingi í síðustu viku. Umræður hófust um minna frumvarpið og fór það undir lok vikunnar á borð sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis. Fulltrúar Landssambands smábátaeigenda hafa verið boðaðir til fundar hjá nefndinni í dag til að veita umsögn um frumvarpið. Stóra frumvarpið, heildarlöggjöf um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi, hefur sömuleiðis verið lagt fram á Alþingi og umræður hafnar um það.

Þegar umræðum um frumvarpið lýkur mun það sömuleiðis fara til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar sem kallar eftir umsögnum ásamt því sem við tekur hagfræðilegri úttekt á áhrifum þess á rekstrarstöðu sjávarútvegsins og þjóðhagkvæmni.

■ MINNA FRUMVARPIÐ – SKAMM-TÍMABREYTINGAR Á FISKVEIÐISTJÓRNUNARKERFINU.

a) Veiðigjald hækkar um 70 prósent, fer úr 2,8 milljörðum króna í 4,8 milljarða. Af gjaldinu renna 80 prósent aftur í ríkissjóð en 20 prósent til sjávarbyggð.

b) Meðaflaheimildir (á skötusel, sumargotssild, löngu og keilu) auknar til að koma í veg fyrir brottkast. Stefnir er að því að átta tíu prósent af söluverðmæti renni í verkefnasjóð sjávarútvegsins.

c) Aflahlutdeild smábáta aukin á



SIGLT MEÐ AFLA ASÍ telur breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu geta komið í veg fyrir að gengi krónunnar styrkst jafn mikið og það eigi að gera.

kostnað stærri skipa. Ráðherra fær vald til að úthluta aflaheimildum til stuðnings byggðarlögum.

■ STÓRA FRUMVARPIÐ – HEILDARLÖGGJÖF UM NÝTT FISKVEIÐISTJÓRNUNARKERFI

a) Aflahlutdeildum breytt úr ótímabundnum réttindum í tímabundinn nýtingarrétt til 15 ára. Til viðbótar getur komið 8 prósent framlenging að því gefnu að ráðuneytið samþykki umsókn um slíkt.

b) Veiðigjald hækkar um 70 prósent, fer úr 2,8 milljörðum króna í 4,8 milljarða. Aukningin verður notuð

til að styrkja ríkissjóð, sjávarbyggðir og rannsóknir og þróun í sjávarútvegi.

c) Varanlegt framsal aflaheimilda verður bannað.

d) Kvóta skipt í tvo hluta. Sá fyrri heldur utan um 85 prósent af kvótanum og er hann háður nýtingarleyfum. Afgangurinn í seinni flokkinum er skipt í fimm potta og stýrist af atvinnu- og byggðasjónarmiðum. Pottarnir eru: strandveiðipottur, byggðapottur, leigupottur, línuvildunarpottur og bótapottur.

tryggasta með kvótann hafi þeir ekki fjárfest í sjávarútvegi heldur flutt umframhagnað yfir í aðrar atvinnugreinar, byggt stórhýsi

í Reykjavík, keypt verslanir og banka. „Útgerðarmenn hafa verið mjög áhættusáknir í fjárfestingum sínum og ekki farið vel út úr þeim.

Það er því mjög óvarlegt að draga þessar ályktanir um áhrif á raungengið,” segir hann.

jonab@frettabladid.is

KERTI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

SVALT OG SKÝJAB NORÐAUSTAN TIL

Norðlæg vindátt verður ríkjandi á landinu næstu daga og verður því nokkuð svalt um norðan og austanvert landið. Annars staðar verður yfirleitt bjart og mun mildara einkum syðra þó ekki sé hægt að tala um afgerandi hlýndi.

Á MORGUN Hæg norðlæg eða breytileg átt.

MÍÐVIKUDAGUR Víða 5-10 m/s en hægari syðra.



HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	24°
Berlín	29°
Billund	24°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	22°
London	18°
Mallorca	22°
New York	25°
Orlando	35°
Ósló	21°
París	20°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Upplifun í áskrift

GULA RÖÐIN

RAUÐA RÖÐIN

GRÆNA RÖÐIN

LITLI TÓNSPROTINN

Sala nýrra áskrifta á tónleikaraðir starfsársins 2011/12
hefst kl. 12 í dag í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050.
Kynntu þér dagskrána á www.sinfonia.is.

Sala Regnbogakorta hefst 16. ágúst.



JÓNSSON & LEWIS • ÍSL • STA

BAKHJARLAR

BORGUN



Morgunbladið



Telur þú nauðsynlegt að halda úti sérstakri vefsíðu um landsdómsmálið?

Já	28,3%
Nei	71,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að menn hafi búið á Íslandi fyrir hið hefðbundna landnám árið 874?

Segðu þína skoðun á visir.is



Bæjarstjórinn í Reykjanesbæ segir gott að ná samningum við kröfuhafa:

Heildarkröfur á fjórða milljarð

VIÐSKIPTI „Nú er loks búið að koma þessari skuldastöðu hafnarinnar fyrir horn. Þetta hefur tekið langan tíma og málið farið nokkra hringi,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Bærinn náði fyrir helgi langtímasamningum við alla níttján kröfuhafa Reykjaneshafnar um endurfjármögnun skulda. Kröfuhafar Reykjaneshafnar eru helstu lífeyrissjóðir landsins. Leitað var eftir samþykki þeirra allra, að sögn Árna.

Heildarkröfur eru vel á fjórða milljarð króna. Kröfuhöfum bauðst að selja kröfur sínar til hafnarinnar í skiptum fyrir verðtryggt skuldabréf sem bera



ÁRNI SIGFÚSSON

sex prósentu vexti. Reykjanesbær, sem á allt hlutafé Reykjaneshafnar, er í ábyrgð fyrir öllum skuldum.

Árni segir áætlanir Reykjanesbæjar sem lagðar voru fram í samningagerð við kröfuhafa varfærnar. „Við gerum ráð fyrir kísilverinu en ekki áætlunum um álver sem munu skila miklum tekjum fyrir höfnina. Önnur verkefni fram undan eru ekki í áætluninni,“ segir hann. Þar á meðal er hugsanlegur nýu hundruð milljóna króna ríkisstyrkur fyrir íslenskar stórskipahafnir. „Við teljum okkur eiga mikið inni,“ segir Árni.

- job

Skipað í nýja fjölmiðlanefnd:

Formaður er Eiríkur Jónsson

STJÓRNSÝSLA Fimm hafa verið skipaðir í nýja fjölmiðlanefnd, í samræmi við ný lög um fjölmiðla.

Eiríkur Jónsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, er formaður nefndarinnar, samkvæmt skipan ráðherra. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður og Þorgerður Erlendsdóttir dómari, voru tilnefnd af Hæstarétti og Arna Schram, fyrrum formaður Bláamannafélags Íslands, er skipuð samkvæmt tilnefningu Bláamannafélagsins.

- ka

Myndlistarskóli Kópavogs

Smiðjuvegur 74, Gul gata, 200 Kópavogi www.myndlistaskoli.is

SUMARNÁM MYNDLIST

Sumarnámskeiðin vinsælu verða 20. júní - 24. júní

Barna- og unglínganámskeið,
tímar fyrir eða eftir hádegi

Fullorðinsnámskeið:
morgun og eftirmiðdagstímar
Pastelteiknun, Málun og vatnslitun.

Velkomin á vefsíðu:
Stundaskrá undir sumarnám í felliglugga eða hringja í skrifstofu 564 1134 • 564 1195 • 863 3934



GRÆNUBORGARBLETTURINN Hér stóð bær frá um 1830 þar til Landspítalinn var byggður 1928. Ummerki um bæinn fundust ekki í forkönnun Fornleifaverndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grænaborg ófundin í fornleifauppgreftri

Fornleifavernd vill frekari rannsóknir á fornleifum á Landspítalalóðinni. Býlið Grænaborg fannst ekki á þeim stað sem bærinn var talinn hafa staðið. Forkönnun var óvenju umfangsmikil og leiddi í ljós hlaðinn garð og diskabrot.

VÍSINDI Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að ráðast í frekari fornleifarannsóknir á Landspítalalóðinni. Bæjarhús Grænuborgar, býlis frá 19. öld, fundust ekki á þeim stað sem bærinn er talinn hafa staðið.

Fornleifavernd ríkisins hóf í maí rannsókn til að kanna hvort einhverjar fornleifar finnst á byggingarlóð nýja Landspítalans. Þar stóð býlið Grænaborg í tæpa öld, eða frá því um 1830 þar til Landspítalinn var byggður árið 1928.

Fram kemur í svari Fornleifaverndar til framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf. (NLSH) að þrátt fyrir að óvenju stór svæði hafi verið opnuð, miðað við að um forkönnun var að ræða, hafi ekki tekist að staðfesta að býlið hafi staðið þar sem líkur þóttu benda

til, eða vestast í túninu framan við gömlu spítalabygginguna sem reist var á árunum 1925-1930.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar, segir að mikilvægi þess að staðsetja bæinn felist fyrst og síðast í að kortleggja þessar minjar eins og aðrar fornleifar á landi. Mismikil áhersla er síðan lögð á hversu nákvæmlega er grafið, og fer eftir því hvað finnst.

Hingað til hafa komið í ljós leifar mannvirkis, steinhleðslur í suðvesturhorni túnsins, sem mögulega tengjast búsetu í Grænuborg og óhjákvæmilegt talið að ráðast í frekari rannsóknir á svæðinu til að fá gleggri mynd af þeim mannvirkjum á reitnum.

Þá telur Fornleifavernd að grafa þurfi prufuholur með jöfnu milli-

bili á túninu vestanverðu til að fá fullvissu um það hvort bæjarhús Grænuborgar liggja á milli þeirra svæða sem skoðuð voru í forkönnuninni, sem og hvort önnur merki mannvistar leynist þar undir yfirborði. Komi slíkt í ljós er það álit stofnunarinnar að rannsaka þurfi svæðið vel.

Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands hjá Fornleifavernd, kom að forkönnuninni. „Okkar forkönnun leiddi í ljós að þarna eru mannvistarleifar sem er heppni má segja þegar haft er huga að nær allt land þarna er komið undir byggingar eða bílastæði. Nú hefur Fornleifavernd lokið sínu hlutverki og vonandi heldur verkið áfram í sumar þar sem aðrir fornleifafræðingar koma að.“

svavar@frettabladid.is

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á! **TOPTUL** THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

GOTT VERÐ

VERKFÆRASKÁPUR Á HJÓLUM

Inniheldur 160 stk.
Toppýklasett, 1/4", 3/8" og 1/2",
fastir lykklar og sknúfjárn.
Vandaðar legubrautir,
sterk gúmmihjól.
Bremsa
Öryggislæsing á skúffum

149.900 m/vsk

* aðeins hægt að opna eina skúffu í einu.

www.sindri.is / sími 575 0000 **SINDRI**

Víðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Niðurstöður nýrra rannsókna lofa góðu um batahorfur sjúklinga með sortuæxli:

Nýju lyfin eins og „kraftaverk“

CHICAGO, AP Fádæma árangur hefur náðst með tveimur nýjum lyfjum gegn sortuæxli, verstu tegund húðkrabbameins. Þetta eru niðurstöður tveggja rannsókna sem kynntar voru í gær á ráðstefnu æxlafræðinga í Chicago.

Í rannsóknunum, sem leiddar voru af læknum við Sloan-Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York, sýndi hópur langt leiddra sjúklinga með sortuæxli sem fékk tilraunalyfið Vemurafenib, svo góðan bata að hópurinn sem fékk samanburðarlyfið, var allur settur á tilraunalyfið eftir einungis nokkra mánuði. Eftir 6 mánuði lifðu 84 prósent sjúklinga

sem fengu lyfið, á móti 64 prósent hinna.

Hitt lyfið, Yervoy var reynt á sjúklingum nýlega greindum með sortuæxli. Tala þeirra sem voru á lífi eftir þrjú ár tvöfaldaðist og töluðu þátttakendur um „kraftaverk.“ Dr. April Salama, sérfræðingur í sortuæxlum sagði niðurstöðurnar „mjög tilkomumiklar.“

Rannsóknin var fjármögnuð af lyfjaframleiðendum og vinna margir vísindamannanna hjá þeim. Lyfjafyrirtækin leita nú leyfis til að selja lyfin í Bandaríkjunum og Evrópu en ekki hefur verið ákveðið hvað þau muni kosta.

- rat



NÝ LYF LOFA GÓÐU Sólbruni eykur hættuna á að fá húðkrabbamein.

NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

VORTILBOÐ

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum raf-
magnsrúm í öllum
stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm
á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðaki?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjósklos
 - samföllum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu




VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



VEISTU SVARID?



1. Hvar á landinu fundust fornleifar nýverið sem benda til mannvista vel fyrir landnám?
2. Í hvaða landi eru hrægammur þjálfaðir til að leita að líkum?
3. Hver er unnusta tónlistarmannsins og leikstjórans Ágústs Bent?

SVÖR

1. Við kirkvæðingarnar á Reykjanesi
2. Í Þýskalandi
3. Þórunn Antonia

8

Mótmælendur féllu fyrir byssukúlum ísraelskra hermanna á Gólanhæðum:

Börn og unglingar meðal fallinna

ÍSRAEL, AP Ísraelskir hermenn drápu yfir tuttugu og særðu yfir 200 manns er þeir hófu skothríð á hóp mótmælenda, hliðhollum Palestínu, sem reyndu að brjótast inn á yfirráðasvæði Ísraelsmanna á Gólanhæðum við landamæri Sýrlands í gær. Í fréttum ríkissjónvarpsins í Sýrlandi kom fram að börn og unglingar hefðu verið meðal látinna og særðra.

Í gær voru 44 ár síðan Sex daga stríðið braust út og Ísrael náði undir sig landsvæðum frá Egyptalandi, Jórdaníu og Sýrlandi. Mótmælendurnir veifuðu

fána Palestínu og köstuðu grjóti og rusli að hermönnum sem hófu skothríð eftir að hafa hrópað varnaðarorð að hópnum.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem slær í brýnu milli mótmælenda og hermanna á svæðinu en hundruð mótmælenda brutust yfir landamærin í síðasta mánuði og fóru inn á Gólanhæðir þar sem Ísraelski herinn tók á móti þeim.

Yfirvöld í Ísrael lofuðu þá að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Þau ásaka nú yfirvöld í Sýrlandi um að skipuleggja aðgerðir mótmælenda, til að beina



HÓFU SKOTHRÍÐ Ísraelskir hermenn drápu 20 manns við landamæri Sýrlands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

athyglinni frá blóðugum aðgerðum yfirvalda í Sýrlandi gegn uppreisn þar í landi. - rat

Útskrift frá Bifröst:

Um 60 nemendur útskrifaðir

SKÓLAMÁL Á laugardag voru tæplega 60 nemendur útskrifaðir frá Háskólanum á Bifröst.

Nemendurnir höfðu lokið versunarstjóra-, frumgreina-, og grunnnámi í viðskiptafræði, auk viðskiptalögfræði og heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Þá útskrifuðust meistaranemar úr öllum deildum skólans.

Bryndís Hlödversdóttir rektor sagði í útskriftarræðu sinni að háskólar hefðu lykilhlutverki að gegna í því að sporna við óæskilegum umhverfisáhrifum. - ka

SJÓMANNADAGURINN

Ræddi mikilvægi sjósóknar

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var á Patreksfirði í gær þar sem hann tók þátt í hátíðarhöldum í tilefni sjómanna-dagsins. Í ræðu sinni fjallaði hann meðal annars um mikilvægi sjósóknar og fiskvinnslu og talaði um nauðsyn þess að sátt ríkti um skipulag fiskveiða og að stjórnskipulag þeirra eflði hag sjávarbyggða og atvinnulíf á landsbyggðinni.

KVENNAHLAUIÐ

Fimmtán þúsund hlupu

Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ fór fram í tuttugasta og annað sinn á laugardaginn. Alls tóku um 15.000 konur þátt á 84 stöðum víðs vegar um land, auk þess sem hlaupið var á 18 stöðum erlendis. Boðið var upp á mismunandi vegalengdir, allt frá tveimur kílómetrum og upp í tuttugu.

LÖGREGLUMÁL

Manna leitað

Lögregla leitar fimm til sex manna sem voru sagðir hafa ráðist vopnaðir inn á skemmtistaðinn Unó í miðborg Reykjavíkur á laugardagskvöldið. Þeir flúðu svo af vettvangi áður en lögreglu bar að.

Árekstur á sjómanna-dag

Enginn slasaðist þegar tveir fólksbílur rákust saman á á gatnamótum Hringbrautar og Framnesvegur, nærri JL húsinu, um hádegisbilið í gær. Lögregla segir nokkrar tafir hafa orðið á umferð.

Dregið verði verulega úr hlutverki forsetans

Stjórnlagaráð leggur til að „leppaorðalag“ um hlutverk forsetans verði fjarlægð úr stjórnarskránni, seta hans í embætti verði takmörkuð við tólf ár og forseti Alþingis verði eini handhafi forsetavalds. Ekki tekin afstaða til málskotsréttar.

STJÓRNARSKRÁ Hlutverk og valdsvið forseta Íslands verður mun veigaminna en áður ef tillögur stjórnlagaráðs, sem lagðar voru fram til kynningar á fundi þess fyrir helgi, ná fram að ganga.

Sú nefnd stjórnlagaráðs sem falið var það verkefni að endurskoða ákvæði um forseta Íslands leggur meðal annars til að í stjórnarskránni verði ekki notað „leppaorðalag“ um hlutverk ráðherra og forseta, heldur verði völdum og ábyrgð hvers og eins lýst í skýrum orðum eins og þau séu í raun og veru. Því verði ekki lengur talað um að forseti framkvæmi tilteknar stjórnarathafnir, sem í raun eru á hendi ráðherra og eru á lagalegri og pólitískri ábyrgð hans.

Enn verður þó gert ráð fyrir að forsetinn hafi tiltekin verkefni með höndum. Honum yrði gert að mynda ríkisstjórn, skipa ráðherra og veita þeim lausn, náða sakamenn og stefna Alþingi saman eftir kosningar og setja það.

Í tillögnum er ekki tekin afstaða til einnar umdeildustu greinar stjórnarskrárinnar, þeirrar 26., sem kveður á um vald forseta til að synja lögum staðfestingar og skjóta þeim í þjóðar- atkvæðagreiðslu. Í greinargerð með tillögnum er tekið fram að nefndin muni þurfa að komast að niðurstöðu um þetta mál.

Þá eru einnig lagðar til tvær breytingar á forminu í kringum forsetaembættið. Önnur breytingin lýtur að handhöfum forsetavalds, sem nú eru þrír: forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar.

Tillagan kveður á um að þess í stað gegni forseti Alþingis stöðunni einn, enda hafi áður



TAKA FORSETAEMBÆTTIÐ TIL ENDURSKOÐUNAR Stjórnlagaráðsfulltrúar héldu ellífta ráðsund sinn í gær. Þar var lagður fram fjöldi tillagna, bæði til kynningar og afgreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja þjóðkirkjuna í þjóðaratkvæði

A-nefnd stjórnlagaráðs, sem meðal annars fjallar um trúmál, gerir að tillögu sinni að íslenska þjóðin fái að ákveða það í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hin evangelísk lúterska kirkja verði þjóðkirkja á Íslandi.

Settar eru fram tvær tillögur; annars vegar að hún verði áfram þjóðkirkja, og hins vegar að stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkju verði alfarið felld út. Valkostirnir eru hins vegar settir fram með það í huga að þjóðin greiði sérstaklega atkvæði um þessa tilteknu grein þegar tillögur stjórnlagaráðs eru lagðar fyrir hana.

komið fram tillaga um að þingforseti sé kjörinn af tveimur þriðju hluta alþingismanna og sé því verðugur handhafi forsetavalds einn og óstuddur. Enn fremur er lagt til að hann fái ekki sérstaklega greitt fyrir þau störf heldur

verði tekið tillit til hlutverksins í lögbundnum starfskjörum hans.

Þá er enn fremur lagt til að takmarka setu forseta við þrjú tímabil, eða tólf ár. Slíkar takmarkanir tókast víða erlendis.

stigur@frettabladid.is

Fundarhöldum lokið:

Grikkland fær viðbótaraðstoð

GRIKKLAND, AP Gríska ríkið fær að öllum líkindum viðbótaraðstoð umfram aðstoðaráætlun Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þetta varð niðurstaðan af fundarhöldum Grikkja með ráðamönnum og embættismönnum Evrópusambandsins, evrópska seðlabankans og AGS.

Skuldaskoðunarmenn þessara stofnana hafa farið ítarlega ofan í fjármál Grikklands, sem í vor fékk samþykki fyrir fjárhagsaðstoð upp á alls 110 milljarða evra, en það samsvarar rúmlega 18.000 milljörðum króna. - gb

FLUGSAMGÖNGUR

Overview of Air Transportation Research in the MIT Department of Aeronautics & Astronautics

Dr. R. John Hansman, prófessor við MIT, fjallar um rannsóknir á sviði flugsamgangna í dag, **mánudag, 6. júní kl. 15:00** í Háskólanum í Reykjavík, Bellatrix (M1.01).

Á meðal umfjöllunarefna dr. Hansmans verða:

- Flugumferðarstjórnun
- Flugöryggi og veðurfarsleg áhrif
- Stjórnun og rekstur flugfélaga
- Umhverfisáhrif flugsamgangna

Dr. Hansman veitir forstöðu MIT International Center for Air Transportation, hann er jafnframt stjórnarformaður US Federal Aviation Administration Research & Development Advisory Committee. Dr. Hansman hefur birt á þriðja hundrað greina um rannsóknir sínar og hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar á ferli sínum.

ALLIR VELKOMNIR!



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.hr.is

Tveir björgunarsveitarmenn Húna voru í lífshættu eftir sýningu á Miðfirði:

Gleymdust á sjó í lok sýningar

SLYS Tveir björgunarsveitarmenn frá Hvammstanga voru hætt komnir eftir að félagar þeirra gleymdu þeim á hafi úti í gær. Frá því var greint í fréttum Stöðvar 2 í gær að mennirnir hafi velkst um í sjónum í nær 40 mínútur áður en þeim var bjargað. Annar var þá orðinn mjög kaldur og þrekaður.

Mennirnir gleymdust í lok sýningar sem björgunarsveitin Húna á Hvammstanga hélt fyrir bæjarbúa í tilefni af sjómanna-deginum. Siglt var með fólk út á Miðfjörð og björgunarsveitarmenn í blautbúningu hentu sér í sjóinn og var bjargað um borð í slöngubáta. Þegar í land var komið uppgötvaðist að tveir hefðu orðið eftir í sjónum.

Ævar Marteinson, annar þeirra sem gleymdust í sjónum, sagði Stöð 2 að hann væri enn að jafna sig. „Fyrst þegar ég áttaði mig á hlutunum, að ég væri einn úti á hafi, sturlaðist ég næstum því. Svo róaðist ég niður. Ég fékk í raun hræðslukast, því ég hélt ég myndi bara drepast þarna,“ segir hann.

Haft var eftir formanni Björgunarsveitar Húna að misskilningur og mannleg mistök hafi orðið til þess að mennirnir urðu eftir í sjónum. - óká



SLÖNGUBÁTUR Björgunarsveitarmenn á Hvammstanga sýndu í gær hvernig bjarga ætti fólk úr sjó í báta líkum þeim hér að ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heilsudýnan
sem styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa
í svefni



Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.



Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

Sumarið er tíminn – Láttu þér líða vel !

Tempur Spring heilsurúm 25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

Gravity Zero stillanlegt 25% afsláttur



Gravity Zero er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum. Rúmið er á inndraganlegum sleða, dregst að vegg. Sér höfuðstilling fyrir lestrarstöðu. Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.

Chiro Collection heilsurúm 25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm-svæða gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.
Verðdæmi 160x200 Kr. 199.900,-



Farðu inn á
betrabak.is
hér



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



SÓLARORKUKNÚIÐ BIFHJÓL Þeir frændur, Ayub Khan Pathan og Imran Khan Pathan í Mumbaí á Indlandi, hafa breytt notuðu vélhjól í sólarorkuknúið farartæki sem kemst sextíu kílómetra vegalengd á einni hleðslu. NORDICPHOTOS/AFP

Íslendingar eru sagðir kaupa dýr armbandsúr og selja fyrir gjaldeyri í útlöndum:

Gjaldeyrishöftin tefja fyrir bata

EFNAHAGSMÁL Þó svo að efnahagsbati á Íslandi hafi verið ótrúlega góður eftir eitt mesta hrun sögunnar standa gjaldeyrishöft nú í vegi fyrir frekari bata. Þetta kemur fram í grein eftir Þorvald Gylfason, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, sem birtist á hagfræðivefnum Vox fyrir helgi.

Þorvaldur segir Íslendinga og aðrar þjóðir sem búa við höft kunnugar leiðum til að fara fram hjá þeim. Þannig gangi sögur af því að fólk sem hyggur á ferðalög til útlanda kaupi dýr armbandsúr og selji með afslætti ytra. Með því fái

ferðalangarnir erlenda gjaldeyri umfram þær 2.150 evrur sem þeir mega taka með sér út samkvæmt gjaldeyrishöftum. „Velkomin aftur á sjötta áratuginn,“ segir Þorvaldur í grein sinni.

Þorvaldur rifjar upp að í gjaldeyriskreppunni í SA-Asíu undir lok tíunda áratugar síðustu aldar



ÞORVALDUR GYLFASON

hafi ekki verið gripið til hafta líkt og hér. Efnahagslífið þar hafi því jafnað sig tiltölulega fljótt.

Höftin segir hann valda miklum skaða; lífeyrissjóðir geti ekki fjárfest erlendis og verði að láta sér lynda að fjármagna skuldsetningu hins opinbera með kaupum á ríkisskuldabréfum; útflutningsfyrirtæki flyti gjaldeyri ekki heim og fjárfestar ávaxti pund sitt með fasteignakaupum þar sem aðrir kostir séu rýrir. Af þessum sökum verði efnahagsbati hægari en spáð var, afnema verði höftin eins fljótt og auðið sé. - jab

Þjálfaranámskeið að baki:

Rugby nær fótfestu hérlandis

ÍPRÓTTIR Rugby Ísland stóð fyrir fyrsta þjálfaranámskeiði sem hér hefur verið haldið í rugby dagana 1. og 2. júní síðastliðna. Þátttakan var sögð góð, enda hafi síðustu ár átt sér stað mikil uppbygging í íþróttinni hérlandis.

Douglas Langley, fulltrúi Alþjóða rugby-sambandsins, sá um námskeiðið. Fram undan er svo sagður fyrsti rugby-leikur landsins þegar Rugbyfélag Reykjavíkur mætir Phoenix Thunderbirds frá Bandaríkjunum. - ka

Dregur úr HIV smitum:

Hefur fækkað um 25 prósent

HEILBRIGÐISMÁL Nýjum HIV smitum hefur fækkað um tæpan fjórðung milli ára 2001 og 2009. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alnæmisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Framfarir í meðferð, forvarnir og umönnun HIV smitadra eru sagðar ástæðurnar fyrir fækkun smita. Stofnunin segir þó að tíðindin eigi ekki við í öllum ríkjum heims, þar sem í fátækari Afríkulöndum sé vandamálið enn alvarlegt og meðferðarúrræði af skornum skammti.

Í lok síðasta árs voru um 34 milljónir manna smitaðar af HIV um heim allan og árið 2009 smituðust 2,6 milljónir. - sv

Angela Merkel sækir heim Barack Obama:

Lífshlaup kanslarans forsetanum hvatning

BERLÍN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, mun heimsækja Bandaríkin í næstu viku. Barack Obama bandaríkjaforseti segir Merkel góða vinkonu sína og einn af sínum nánustu samherjum í heimspólitíkinni.

Í viðtali við þýska dagblaðið Der Tagesspiegel segist Obama



BARACK OBAMA



ANGELA MERKEL

einnig treysta Merkel þegar hún skuldbindi sig til einhvers. Þá segir hann lífshlaup Merkel hvatningu en hún ólst upp í Austur-Þýskalandi og varð fyrst kvenna til að gegna stöðu kanslara Þýskalands.

Angela Merkel mun sitja kvöldverð í Hvíta húsinu á þriðjudag. - rat



MANNFJÖLDINN FAGNAR Mótmælendur veifuðu fánun og dönsuðu á götum Sanaa, höfuðborgar Jemens í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannfjöldi fagnar flóttu forseta Jemens

Ali Abdullah Saleh, forseti Jemens, er farinn úr landi. Hann gekkst undir aðgerð í Sádi-Arabíu eftir sprengjuárás á föstudag. Fólk fagnaði á götum úti.

JEMEN, AP Þúsundir manna dönsuðu á götum Sanaa, höfuðborgar Jemens í gær og fögnuðu því að forseti landsins, Ali Abdullah Saleh, væri farinn af landi brott. Saleh mun hafa leitað sér lækninga í Sádi-Arabíu eftir að hann særðist í flugskeytaárás á forsetahöllina síðastliðinn föstudag. Í árásinni særðust margir háttsettir embættismenn í ríkisstjórn Saleh og ellefu verðir létu lífið.

Ali Abdullah Saleh gekkst undir aðgerð á hersjúkrahúsi í höfuðborg Sádi-Arabíu, Riyadh, þar sem fjarlægð voru sprengjubrot úr brjósti hans. Þá hlaut hann bruna í andliti og á höndum. Þessar upplýsingar fengust hjá stjórnarereindreka í Jemen, sem sagði einnig að aðgerðin hefði gengið vel. Hann vildi ekki láta nafn síns getið, þar sem hann hafði ekki leyfi til að veita upplýsingar um líðan forsetans.

Abed Rabbo Mansour Hadi varforseti fer tímabundið með vald forseta í landinu að sögn Abdu al-Janadi ráðherra. Ráðherrann fullyrkti einnig að Saleh forseti myndi snúa aftur og að hann væri við góða heilsu. Sjálfur hafði Saleh ekki gefið fyrirskipun um það að varforsetinn færi með völd meðan hann dveldi í Sádi-Arabíu. Mannfjöldinn á götunum vonaðist samt sem áður til að þetta þýddi endalok hátt í 33 ára valdatíðar Saleh og veifaði fánun sem meðal annars letrað var á „Kúgarinn er farinn, fólkio verður kyrrt.“

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum hersins átti Abed

Stöð 2 þakkar þeim 20.000 Vildaráskrifendum sem glöddust með okkur á afmælishátíðinni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum laugardaginn 28. maí.

Frítt var í öll tæki í garðinum og voru þau vel nýtt, auk þess sem ljúffengar SS pylsur, ískalt Coke og Svali runnu ljúflega niður í gesti og gangandi.

Skemmtidagskráin var stjörnum hlaðin og féll vel í kramið hjá gestum. Skoppa og Skríttla, Latibær, Sveppi og Villi, Jóhanna Guðrún, Steindi, bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson og sjálfur Helgi Björns stigu á svið og er óhætt að segja að allir hafi þar fengið eitthvað við sitt hæfi.

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ HALDA AFMÆLISHÁTÍÐINI ÁFRAM Á STÖÐ 2 Í ALLT SUMAR!



**NOTAÐU PUNKTANA ÞÍNA SEM
ÞÚ HEFUR SAFNAÐ Í STÖÐ 2 VILD**

- KAUPTU VIÐBÓTARÁSKRIFT FYRIR PUNKTA
- NÝTTU PUNKTANA ÞÍNA UPP Í GLÆSILEG TILBOÐ

Stöð 2 Plús og Stöð 2 Frelsi á VOD fylgja frítt með Vildaráskrift sem eykur sveigjanleika þinn til að gera og sjá allt það skemmtilegasta í sumar.



Þú safnar allt að 1.280
punktum á mánuði




RAFAEL NADAL fagnaði í gær sigri á opna franska meistaramótinu í tennis í sjötta sinn á ferlinum. Hann hafði betur gegn Roger Federer í úrslitaviðureigninni með þremur settum gegn einu. Nadal jafnaði þar með met Svians Björn Borg sem vann opna franska sex sinnum á sínum tíma. Nadal er 25 ára gamall og hefur alls unnið tíu risamót í tennis.

UNDANKEPPNI EM 2012

Ísland - Danmörk 0-2
 Portúgal - Noregur 1-0
 1-0 Helder Postiga (53.)

Staðan í H-riðli: Portúgal 10 stig, Danmörk 10, Noregur 10, Kýpur 2, Ísland 1.

DUROL BURSTAMOTTAN



- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
 Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Sama gamla tuggan gegn Dönnum

Íslenska karlalandsliðinu tókst ekki að vinna Dani í leik liðanna um helgina, frekar en áður. Ísland tapaði 2-0 þrátt fyrir ágæta spilamennsku en eins og svo oft áður skorti allt bit í sóknarleik íslenska liðsins.

FÓTBOLTI Ísland tapaði 2-0 fyrir Danmörku í undankeppni EM 2012 á Laugardalsvelli um helgina og mátti því lúta í gras í átjándra sinn í 22 tilraunum gegn okkar kærri frændum. Íslenska þjóðin hefur beðið lengi eftir þeirri stund þegar við vinnum loksins sigur á Dönnum því þetta er jú sú þjóð sem við viljum helst vinna. En biðin eftir fyrsta sigrinum lengist eitthvað enn.

Það er einnig að vera orðin gömul saga að íslensku landsliðsmennirnir komist ágætlega frá leiknum án þess þó að niðurstaða leiksins sé í takti við það. Þannig hefur það iðulega verið í undanförunum landsleikjum og var margt ágætt við leik íslenska liðsins á laugardaginn.

Það er þó tvennt sem stendur upp úr. Annars vegar er tilfinningur skortur á að sóknarmann liðsins nái að skapa sér almennileg færi við mark andstæðingsins. Hins vegar sýndi það sig enn og aftur að stundareinbeitingarleysi og hreinn og klár klaufaskapur varð Íslandi að falli í vörninni.



FYRIRLIÐINN Í BARÁTTUNNI Hermann Hreiðarsson fór fyrir sínum mönnum í íslensku vörninni.

„Auðvitað er ég hundsvektur. Mér fannst ekkert benda til þess að þeir væru að fara að vinna leikinn frekar en við,“ sagði landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson eftir leik. „En við settum ekki pressu á skotmanninn í fyrra

markinu og hann hittir boltann. Auðvitað hefði varnarmaðurinn átt að gera betur í því. Mörk breyta leikjum og það gerði það svo sannarlega í þessum leik. Það er óskastaða fyrir Dani að vera 1-0 yfir og geta leikið sér aðeins með

	0-2	
Ísland		Danmörk
Laugardalsvöllur, áhorf.: 7.629		

0-1 Lasse Schöne (60.)
 0-2 Christian Eriksen (75.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8-11 (2-6)
Varin skot	Stefán Logi 4 - Sörensen 2
Horn	2-5
Aukaspjrnur fengnar	15-14
Rangstöður	2-4

boltann. Við reyndum að færa liðið okkar aðeins frammar á völinn og annað markið kom eftir það.“

Hann tók undir að það hefði vantað bit í sóknarleikinn. „Það vantaði þetta síðasta. Að því höfum við verið að leita og við skulum vona að við finnum það.“

Niðurstaðan er sú að Ísland er í neðsta sæti H-riðils undankeppninnar með eitt stig eftir fimm leiki.

eirikur@frettabladid.is

TIL SÖLU

Útivistarperla í nágrenni Reykjavíkur

Ef viðunandi tilboð fæst:



Hvammur og Hvammsvík í Kjósarsýslu

Landnúmer 126107 og 126106

Til sölu eru jarðirnar Hvammur og Hvammsvík í Hvalfirði. Jarðirnar eru um 607 hektarar að stærð og seljast saman með öllum mannvirkjum, ræktun og öðru fylgifer.

Hvammur og Hvammsvík þykja einstaklega fallegar með fjölskrúðugu fuglalífi. Þar er í dag rekinn ferðaþjónusta með tjaldstæði, silungsvéið og 9 holu golfvelli. Í nágrenninu er fjöldi náttúruperla á borð við Staupastein, Glym, Brynju- og Botnsdal og Botnssúlur.

Á jörðunum eru m.a. tvö 132 og 282 fm íbúðarhús, hlöðugrill, hlaða, vélageymsla, fjárhús, þjónustumiðstöð, æðarvarp o.fl.

Jarðhitaréttindi eru undanskilinn sölunni. Kvöð er á um að Orkuveita Reykjavíkur geti borað eftir heitu vatni og byggt dæluhús með umgengnisrétti komi til þess að jarðhitaréttindin verði nýtt. Einnig eru undanskilin sölunni þinglýst réttindi annarra en Orkuveitu Reykjavíkur.

Kauptilboðsblað og sölulýsingu er hægt að sækja á <http://www.or.is/UmOR/Eignasala/>

Jarðirnar verða til sýnis áhugasömum kaupendum eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefa eftirfarandi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur:

Hannes Frímann Sigurðsson í síma 516-6690

Ólafur Þór Leifsson í síma 516-6334

Kauptilboðum skal skila á móttökuborð í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarhálsi 1 110 Reykjavík, fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 17. ágúst 2011

ORES-2011-05-01.

4.6.2011.

Gylfi Þór Sigurðsson eftir leikinn um helgina: Þurfum að spila betur

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson segir að það hafi verið ágætt tækifæri um helgina að vinna sigur á Dönnum. Leikurinn tapaðist þó á endanum, 2-0, þrátt fyrir ágæta takta í íslenska liðinu. Gylfi segir þó að betur má ef duga skal.

„Það var ekki alveg nógu gott hvernig við spiluðum boltanum úr vörninni en einu hálfleiknum sem við sköpuðum okkur komu eftir að við unnum boltann og náðum að sækja snögg á þá í gegnum miðjuna,“ sagði Gylfi eftir leikinn.

„En ég get ekki sagt að við spiluðum mög vel. Það var mikið spil í kringum Eið þegar hann fékk boltann en við þurfum að spila mikið betur ef við ætlum að sækja einhver stig í þessum riðli.“

Gylfi segir niðurstöðuna vonbrigði. „Það kom okkur ekkert á óvart við leik danska liðsins og við erum mjög ósáttir við að ná ekki neinu úr þessum leik. Það eru ungir leikmenn að koma upp



MIKILVÆGUR Gylfi Þór Sigurðsson í leiknum gegn Dönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

en það er ekki endalaust hægt að tala um hvað útlitið er bjart. Við þurfum að gera eitthvað í þessu – safna stigum og nýta þau færi sem við fáum.“

- esá

Einkunnir íslensku landsliðsmannanna

Stefán Logi Magnússon, markvörður Hefði átt að gera betur í fyrra markinu en átti að öðru leyti fínan dag.	6
Birkir Már Sævarsson, hægri bakvörður Gleymdi sér í seinna markinu þegar hans maður fékk að skjóta óvaldaður. Duglegur að sækja fram á völinn en gerði mistök í varnarleiknum.	5
Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður Stóð sína varnarplikt vel en liður illa með boltann. Gengur illa að spila út úr vörninni.	6
Hermann Hreiðarsson, miðvörður og fyrirlíði Dreif sína menn áfram með sinni alkunnu baráttu. Hefði mátt gera betur í fyrra markinu þó svo að sókin hefði ekki verið hans. Átti góðan dag þegar á heildina er litið.	7
Bjarni Ólafur Eiríksson, hægri bakvörður Pressaði ekki skotmanninn í fyrra markinu og hörfaði undan Rommedahl áður en hann lagði upp síðara mark Dana. Þetta voru atriði sem breyttu leiknum.	4
Aron Einar Gunnarsson, varnartengiliður Mikill dugnaðarforkur og vann vel á miðjunni, eins og hann hefur alltaf gert.	6
Ólafur Ingi Skúlason, varnartengiliður Grimmur á boltann og sinni sínu þokkalega. Hans besti landsleikur í langan tíma.	6
Eiður Smári Guðjohnsen, sóknartengiliður Besti maður íslenska liðsins. Afar duglegur að koma sér fyrir aftan boltann og einfaldlega mikil gæði í öllu sem hann gerði á vellinum.	8
Gylfi Þór Sigurðsson, vinstri kantmaður Átti nokkrar hættulegar spjrnur og sýndi inn á milli lipra takta. Líkt og hjá öðrum sóknarmönnum vantaði að reka smiðshöggð á sóknaraðgerðirnar.	7
Kolbeinn Sígþórsson, hægri kantmaður Frábær í fyrri hálfleik en dró af honum í þeim síðari. Ógnaði þó marki Dana lítið.	6
Heiðar Helguson, sóknarmaður Átti að vera maðurinn sem myndi skora mörkin en hann komst sjaldan nálægt því að ógna marki Dananna. Hljóp mikið, var duglegur að vinna boltann en þreystist í seinni hálfleik.	6
Alfreð Finnbogason, varamaður á 67. mínútu fyrir Ólaf Inga Kom inn með fínan kraft í sóknarleikinn en eftir að Danir komust 2-0 yfir var leiknum lokið.	6
Jóhann Berg Guðmundsson, varamaður á 77. mínútu fyrir Heiðar	-

SUMARLEIKUR HLEÐSLU Á FÉSBÓK

ms

Í HVERJUM MÁNUÐI
VERÐA EFTIRTALDIR
VINNINGAR Í BOÐI:



2
IPOD NANO
SEM HENTAR VEL
Í LÍKAMSRÆKTINA



2
GARMIN
FORERUNNER 305



10
HLEÐSLUTÖSKUR
FULLAR AF HLEÐSLU

2 FJALLAHJÓL



MARKID



50 KASSAR
AF HLEÐSLU

**SENDU INN MYND
AF ÞÉR MEÐ HLEÐSLU
Á FÉSBÓK OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ GLÆSILEGA
VINNINGA.**

TIL AÐ TAKA ÞÁTT ÞARFTU BARA EINN
HLEÐSLUDRYKK OG MYNDAVÉL.
ÞÚ HLEÐUR MYNDINI Á VEGGINN
Á FÉSBÓKARSÍÐU HLEÐSLU OG SETUR
NAFNID ÞITT UNDIR.
FYRSTA HVERS MÁNAÐAR (JÚNÍ, JÚLÍ,
ÁGÚST) VERÐA VALDAR SKEMMTILEGUSTU
MYNDIRNAR SEM HLJÓTA GLÆSILEGA
VINNINGA.

AÐ LOKUM (1.-10. ÁGÚST) VERÐUR
BESTA MYND SUMARSINS VALIN
OG HLÝTUR VINNINGSHAFINN
FLUGMIÐA FYRIR TVO TIL EVRÓPU.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
UM LEIKINN Á FÉSBÓK -

 facebook.com/hledsla

BESTA MYND SUMARSINS VINNUR
FLUGMIÐA
FYRIR TVO TIL EVRÓPU

ICELANDAIR

NÝ
BRAGÐ-
TEGUND
KÓROS OG
SUKKULABÍ



HLEÐSLA 100%
ÍPRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

WWW.MS.IS

*VINNINGSMYNDIR MÁNAÐARINS VERÐA NOTAÐAR TIL AÐ AUGLÝSA LEIKINN ÁFRAM Í SUMAR. MEÐ SAMÞYKKI ÞÁTTTAKENDA.

ISLENSKA SÍÐUS MS 55000 05/11

DVD MARKADUR
ELKO

VERÐ FRÁ:
495 KR

VILTU VINNA
3D
SJÓNVARP?



**SENDU SMS ESL DVD
Á NÚMERID 1900
ÞÚ FÆRD SPURNINGU OG
SVARAR MED ÞVI AD SENDA
SMS SKEYTID ESL A, B EDA C Á
NÚMERID 1900
OG ÞU GÆTIR UNNID!**

**GEGGJADIR
AUKAVINNINGAR!**



ELKO
EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klubb. 149 kr./SMS-ið.



FRÁBÆRUM SIGRI FAGNAÐ Raket Dögg Bragadóttir landsliðsfyrirliði fagnar sigrinum ásamt liðsfélögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stelpurnar stórkostlegar

Ísland vann í gær nítján marka sigur á Úkraínu, 37-18, í undankeppni HM í Brasilíu. Fátt getur komið í veg fyrir að stelpurnar fari á sitt annað stórmót í röð en liðin mætast aftur ytra um næstu helgi. Þjálfari Úkraínu hefur játað ósigur.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik tók stöllu sína frá Úkraínu í sextú mínútna kennslustund í leik liðanna í gær. Nítján marka sigur landsliðsins var eitthvað sem var ekki einu sinni til í villtustu draumum þjálfara liðsins Ágústs Jóhannssonar.

„Nei, ég verð að viðurkenna það. Ég átti ekki von á svona stórum sigri. Við vorum að tala um það þjálfararnir að sjö marka sigur væri ansi sterkt en stelpurnar spiluðu frábærlega. Ég er gríðarlega ánægður með vinnusemina, agann og þolinmæðina og svo voru áhorfendur stórkostlegir. Það var frábært að spila á svona heima-elli,“ sagði Ágúst.

Frá því að flautað var til leiks var ljóst hvort liðið ætlaði sér í lokakeppnina í Brasilíu. Íslensku stelpurnar voru ákveðnar í vörninni og fyrir aftan hana átti Guðný Jenný Ásmundsdóttir stórleik. Margir höfðu áhyggjur af markvörslunni fyrir leikinn enda tveir reynslumestu markverðir liðsins fjarri góðu gamni. Þær áhyggjur reyndust ástæðulausar.

Í sókninni gekk allt upp fram- an af leik. Boltinn gekk hratt á milli og leikmenn íslenska liðsins áráðnir í aðgerðum sínum. Skot-

Ísland - Úkraína 37-18 (18-8)

Mörk Íslands (skot): Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 8 (8), Raket Dögg Bragadóttir 7/1 (12/3), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6 (10), Ásta Birna Gunnarsdóttir 5 (5), Karen Knútsdóttir 4 (8), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (5), Rut Jónsdóttir 2 (2), Hanna G. Stefánsdóttir 1 (1), Stella Sigurðardóttir 1 (1), Brynja Magnúsdóttir (1/1).

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsd. 25 (43/3, 58%). **Mörk úr hraðaupphlaupum:** 9.

nýting liðsins var með ólíkindum og markaskorun dreifðist jafnt. Hið sama verður ekki sagt um andstæðinginn en vinstri skytta úkraínska liðsins skoraði tólf af átján mörkum liðsins.

„Við erum komnar með virkilega flottan hóp. Hver einasti leikmaður sem kemur inn á er klár og er með sitt hlutverk á hreinu,“ sagði skælbrosandi Raket Dögg Bragadóttir fyrirliði í leikslok. Fjór- tán af sextán leikmönnum liðsins komu við sögu í leiknum og munar um minna að hafa úr breiddinni að spila.

Forskot íslenska liðsins byggðist upp jafnt og þétt og andrei var slakað á klónni. Liðið jók meira að segja forskot sitt undir lok fyrri hálfleiks þegar liðið var í tvígang manni færri. „Við töluðum um það í hálfleik að fara ekki að halda einhverju heldur að bæta við hægt og rólega. Það gekk eftir,“ sagði Ágúst þjálfari.

Úkraínska landsliðið hefur verið fastagestur á stórmótum undanfarna áratugi en ljóst er að liðið hefur oft verið sterkara. Leikmenn liðsins virkuðu hreinlega áhuga- lausir líkt og þjálfarinn Leonid Yevtushenko sem var pollrólegur á bekknum. Nýtti ekki einu sinni leikhlé sitt í síðari hálfleiknum til þess að skipuleggja leik liðsins. Hann var skiljanlega ekki bjart- sýnn fyrir síðari leik þjóðanna um næstu helgi.

„Við eigum engan möguleika. Fimm til sex marka munur eða jafnvel tíu marka munur er möguleiki en ekki nítján,“ sagði Yevtushenko í leikslok.

Sigurvilji og sjálfstraust íslensku stúlkanna er greinilega mikið um þessar mundir. Stígandi hefur verið í leik liðsins á undan- förnum árum og ljóst að Ísland á kvennalandslið í handknattleik sem er farið að standast sterkustu þjóðum heimsins snúning. - kt



UTAN VALLAR

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
segir sína skoðun

Er Ólafur okkar gæfu smiður?

Þegar Ísland situr á botni síns riðils með eitt stig af fimmtán mögulegum og með landsliðsþjálfara sem hefur unnið einn mótstæðing af fimmtán síðan hann tók við, er eðlilegt að spyrja hvort hann sé rétti maðurinn til að finna lausnir á þeim erfiðleikum sem steðja að liðinu.

Það var þess vegna sem ég spurði Ólaf Jóhannsson landsliðsþjálfara einmitt að því eftir tapleikinn gegn Dönum á laugardaginn.

„Ja, nú segi ég eins og góður maður sagði – nú ertu farinn að tala um eitthvað annað en fótbolta og því get ég ekki svarað,“ var svarið sem ég fékk. Frekari útskýringar gaf hann ekki á því. Hann stóð upp og gekk út af blaðamannafundinum. Þrátt fyrir svar Ólafs snerist spurningin vita- skuld fyrst og síðast um fótbolta. Viðbrögðin lýsa manni sem átti engar skýringar á reiðum höndum.

Menn eru dæmdir af árangri sínum og árangurinn talar sínu máli. Það er hins vegar ekki úr vegi að ræða um þetta í réttu samhengi. Liðið hefur verið að spila ágætlega, hefur alls ekki lagt það í vana sinn að tapa stórt en sem fyrr vantar ákefð, bit og drifkraftinn til að reka smíðs- höggið á sóknirnar. Við þurfum mann sem getur kallað fram þann þátt í leik íslenska liðsins.

Ólafur er nú á sínu fjórða starfsári og hefur ekki tekist það. Því þurfa þeir sem völdin hafa að taka ákvörðun um framhaldið – hvort það sé rétt að halda tryggð við þann þjálfara.

Sama hvaða skoðun menn kunni að hafa á landsliðinu – ekki er hægt að þræta fyrir eitt. Að það hafi verið á þriðja þúsund auð sæti á lands- leik gegn Danmörku hlýtur að vera stórkostlegt áhyggjuefni fyrir KSÍ. Stemningin á leiknum var sorglega léleg og svo virðist sem áhugi almenn- ings á landsliðinu sé í algeru lágmarki.

Fram undan eru gríðarlega spennandi tímar í íslenskrí knattspyrnu og Evrópumeistaramót U-21 landsliðsins handan við hornið. Þjálf- ari A-landsliðsins er að taka við ein- hverjum besta hópi ungra íslenskra knattspyrnumanna sem þjóðin hefur séð og ábyrgðin er mikil.

Ef allt er með felldu innan raða Knattspyrnusambandsins verður að setja málefni A-landsliðsins í naflaskoðun.

Fyrsta mál á dagskrá á að vera hvort rétt sé að treysta núverandi þjálfara fyrir því verkefni. Sú spurning hlýtur að eiga rétt á sér og væri það stórkostlegt ábyrgðarleysi af hálfu forystu KSÍ að taka þessi mál ekki í allsherjar endurskoðun.



Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



„Ómögulegt“ er ekki í orðabókinni

Keilir er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almennasamtaka. Keilir hefur verið frumkvöðull námsgreina á Íslandi. Háskólabrúin hefur hjálpað fjölda fólks að komast í háskólanám, námsgreinar innan Heilsuskóla Keilis og Orku- og tækniskólans hafa skapað sér mikla sérstöðu og Flugakademían hefur verið leiðandi í flugnámi á Íslandi. Keilir er metnaðarfullt menntafyrirtæki sem leggur áherslu á nýsköpun í námi og kennslu.


KEILIR er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

www.keilir.net



Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.

Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.



Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.



Próunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

> Nicole Kidman

„Þú ert ekkert í Bandaríkjunum án þess að vera í sjónvarpi.“

Nicole Kidman leikur í kvikmyndinni Australia sem fjallar um breska hefðarfrú sem ferðast til Ástralíu til að leita uppi eiginmann sinn. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG TÉKKLISTI LAUGARDAGSINS Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur



Laugardagsdagskrá ÍNN hljóðaði svo:

Björn Bjarna: „Björn Bjarnason fyrrverandi ráðherra mennta-, dóms og kirkjumála brýtur til mergjar málefni líðandi stundar með gestum sínum.“ Þáttur sem hefur vissulega kúpent íslenski stjórn málaumræðu að undanförm. Ég missi aldrei af Bjössa og vinum hans. Veiðisumarið: „Veiðipáttur í umsjá Gunnars Bender og félaga.“ Ég renndi síðast fyrir bleikju þegar ég var 12 ára gömul. Eftir kósykvöld með Bendernum fór ég á Netið, pantaði mér veiðigræjur og sótti um aðild að hinum ýmsu veiðigrúppum á Facebook til þess að setja mig betur inn í málin. Ég hef þó enn ekki verið samþykkt í einum einasta. Gestagangur hjá Randver: „Randver Þorláksson fær til sín gesti.“ Spaugstofan veit ekki hvað átt hefur fyrir en misst hefur. Þessir þættir eru snilld! Þá meina ég Gestaganginn, ekki Spaugstofuna. Bubbi og Lobbi: „Stjórnmálaskýrendurnir Bubbi og Lobbi segja frá því sem er að gerast í pólitíkinni á sinn einstaka og fræðandi hátt.“ Að vera rekinn frá Útvarpi Sögu þýðir svo sannarlega ekki að

þú getir ekki látið til skarar skrifa í fjölmiðlum! Sigurður G. Tómasson og Guðmundur Ólafsson sýna það hér með og sanna. Hrafnaþing: „Hrafnaþing er einn vinsælasti spjallþáttur í íslensku sjónvarpi í dag og hefur verið um árabil. [...]“ Það er litlu við þetta að bæta. Nema að koma því til Ingva Hrafnas að Flórida-færslum sé orðið ábótavant. Sjávarútvegur á ögurstundu: „Saga sjávarútvegs á Íslandi rakinn.“ Hér er ævísafni Heiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn gerð góð skil. Ómissandi í ljósi og skugga kvótafrumvarpa, stórra sem smárra. Með útlitun þessari vill undirrituð undirstrika ótvírætt mikilvægi sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN og bendir landsmönnum á að íhuga vandlega hvernig samfélagið væri án hennar.



RÚV

- 15.00 Landsleikur í fótbolta (e)
- 16.55 Skógarnir okkar - Haukadalur (5:5)
- 17.20 Landinn (e)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Mærin Mæja (17:52)
- 18.08 Húrra fyrir Kela (27:52)
- 18.30 Sagan af Enyó (23:26)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Horfnir heimar - Járnöld (2:6) (Ancient Worlds) Heimildarmyndaflokkur frá BBC um rætur siðmenningarinnar á tímabilinu þegar fyrstu borgirnar urðu til í Mesópótamíu og til falls Rómaveldis.
- 21.10 Leitandinn (27:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cypher og dísarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Líðsaukinn (3:32) (Rejseholdet) Dönsk spennuþáttaröð um sérsveit sem er send um alla Danmörk til að hjálpa lögreglu á hverjum stað að upplýsa erfið mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.20 Kvartanakórinn (Complaints Choir) Dönsk heimildarmynd. (e)
- 00.20 Kastljós (e)
- 00.55 Fréttir (e)
- 01.05 Dagskrárlokk

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.10 Lie to Me (12:13)
- 10.55 Total Wipeout (1:12)
- 11.55 Smallville (3:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (6:43)
- 13.40 American Idol (7:43)
- 14.20 American Idol (8:43)
- 15.05 ET Weekend
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (10:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (12:22)
- 19.45 Modern Family (21:24)
- 20.10 Glee (21:22) Önnur gamanþáttaröð in um metnaðarfullu menntaskólanemana.
- 20.55 Fairly Legal (1:10) Ný dramatisk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt.
- 22.15 Nikita (12:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leynipjónustuna Division sem ræður til sín ungmennti sem áttu erfiða æsku.
- 23.00 The Office (6:6)
- 23.30 Modern Family (19:24)
- 23.55 How I Met Your Mother (10:24)
- 00.20 Bones (10:23)
- 01.05 Hung (7:10)
- 01.35 The Tudors (1:8)
- 02.25 The Tudors (2:8)
- 03.15 Section 60: Arlington National Cemetery
- 04.10 CJ7
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Dallas - Miami
- 17.55 Dallas - Miami Útsending frá þriðja leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.
- 19.45 Víkingur - Fylkir Bein útsending frá leik Víkings og Fylkis í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 22.00 Golfskóli Birgis Leifs (11:12) Golfþáttur þar sem besti kyflingur Íslands, Birgir Leifur Halþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýjust kyflingum á öllum stigum leiksins.
- 22.25 LA Liga's Best Goals Fallegustu mörkin í spænsku úrvalsdeildinni veturinn 2010-2011.
- 23.20 Víkingur - Fylkir

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.35 An Idiot Abroad (8:9) (e)
- 17.25 Rachael Ray
- 18.10 Top Chef (2:15) (e)
- 19.00 Kitchen Nightmares (10:13) (e)
- 19.45 Will & Grace (18:25)
- 20.10 90210 - LOKAÞÁTTUR (22:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmennta í Beverly Hills. Hörkuspennandi lokaþáttur af þessum vinsælu þáttum. Útskriftin nálgast og allt fer í háaloft þegar Naomi tekur ákvörðun sem gæti seinkað útskriftinni hennar.
- 20.55 Hawaii Five-O (14:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Æsilegur bílaeltingarleikur endar með andláti flötamannsins en tvær grímur renna á lögregluna þegar rotið lík finnst í bílnum.
- 21.45 CSI (21:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeilda lögreglunnar í Las Vegas. Fjöldamorðinginn Nate Hak-sell leikur lausum hala á ný og rekur rannsóknarteymið slóð hans til borg englanna í Los Angeles.
- 22.35 Penn & Teller (2:10)
- 23.05 Californication (10:12) (e)
- 23.35 Law & Order: Criminal Intent (2:16) (e)
- 00.25 CSI: New York (20:23) (e)
- 01.10 Will & Grace (18:25) (e)
- 01.30 Hawaii Five-O (14:24) (e)
- 02.15 Pepsi MAX tónlist

EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.15 Ally McBeal (8:22) Unnusti Frances reynir við Ally, Kimmy ákveður að lög-sækja stefnumótþjónustu eftir að hafa eytt í hana stórfé án þess að finna hinn eina sanna og Ally hittir fyrir anda ungs drengs.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Mentalist (22:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlög-reglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flökin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
- 22.35 Rizzoli & Isles (4:10) Spennandi glæpabáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Maura Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur. Jane er eini kven-leynilögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Maura er hins vegar afar róleg og liður best á rannsóknarstofu sinni meðal þeirra látnu.
- 23.20 Damages (3:13)
- 00.05 Ally McBeal (8:22)
- 00.50 The Doctors
- 01.30 Sjáðu
- 01.55 Fréttir Stöðvar 2
- 02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BÍÓ

- 08.40 Made of Honor
- 10.20 Wayne's World
- 12.00 Red Riding Hood
- 14.00 Made of Honor
- 16.00 Wayne's World
- 18.00 Red Riding Hood
- 20.00 Australia
- 22.40 Billy Bathgate
- 00.25 Street Kings
- 02.10 Clerks 2
- 04.00 Billy Bathgate
- 06.00 Fracture

SPORT 2

- 18.00 PL Classic Matches: Newcastle - Man. United, 1996
- 18.30 Man. Utd. - Aston Villa Útsending frá leik Manchester United og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.15 WBA - West Ham Útsending frá leik West Bromwich Albion og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.00 Liverpool - Man. City Útsending frá leik Liverpool og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.45 PL Classic Matches: Arsenal - Liverpool, 2003

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.00 The Memorial Tournament (4:4)
- 12.00 Golfing World
- 12.50 The Memorial Tournament (4:4)
- 18.00 Golfing World
- 18.50 The Memorial Tournament (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 US Open 2002 - Official Film
- 23.50 ESPN America

N4

- 18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 18.30 Tveir gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem gestastjórni fær til sín góðan gest.

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Frábærir þættir sem hafa vakið verðskuldaða athygli.
- 20.30 Golf fyrir alla Við höldum áfram að spila á Hamarsvelli í Borgamesi.
- 21.00 Frumkvöðlar Elnóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
- 21.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi og Víðar Freyr í eldhúsum höfuðborgarinnar.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM						
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

Fitulítill og próteínrík...
... og passar með öllu

Kotasæla

www.ms.is

Í KVÖLD


STÖÐ 2 KL. 20.55
Fairly Legal

Glæný, dramatísk og hnyttin þáttaröð sem slegið hefur í gegn vestanhafs. Kate Reed er fyrrverandi lögfræðingur sem er sérfræðingur í að leysa vandamál annarra, en hennar eigin vandamál vefjast fyrir henni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst 06.40 Veðurfreginir
 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.03 Vtt og breitt
 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05
 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00
 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi
 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfreginir 10.13 Stefnunót
 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00
 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir
 12.50 Dánarfreginir 13.00 Hingsól 14.00 Fréttir
 14.03 Bak við stjörnumar 15.00 Fréttir 15.03
 Útvarpsagan: Þriðja ástin 15.25 Fólki og fræði
 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir
 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar
 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir
 18.53 Dánarfreginir 19.00 Um Njáls sögu 20.00
 Leynifélagið 20.30 Frá Tónskáldabinginu í Lissabon
 21.30 Kvöldagan: Njáls saga 22.00 Fréttir 22.05
 Veðurfreginir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gimi,
 grúsk og glóriur 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05
 Næturútlarp Rásar 1

BBC Entertainment

10.45 Fawty Towers 11.15 The Weakest Link
 12.05 Keeping Up Appearances 12.35 Fawty
 Towers 13.10 ,Allo ,Allo! 13.35 ,Allo ,Allo! 14.00
 ,Allo ,Allo! 14.30 The Weakest Link 15.15 The
 Weakest Link 16.05 Fawty Towers 16.40 ,Allo
 ,Allo! 17.10 ,Allo ,Allo! 17.40 Dalziel and Pascoe
 18.25 Dalziel and Pascoe 19.10 Top Gear 20.00
 Jack Dee Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little
 Britain 21.45 Coupling 22.15 Jack Dee Live at the
 Apollo 23.00 Dalziel and Pascoe 23.45 Dalziel and
 Pascoe 00.35 Top Gear

DR 1

10.10 21 Søndag 11.00 Liv på landet 11.30 Ud
 i det blå 12.00 Teatertrup på farten 13.00 DR
 Update - nyheder og vejr 13.10 Jamie i det fede
 USA 14.00 Timmy-bid 14.10 Chiro 14.15 Den
 fortryllede karnusel 14.30 Rosa fra Rouladegade
 15.00 De uheldige helte 15.50 DR Update -
 nyheder og vejr 16.00 Jamies mad på 30 minutter
 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet
 18.00 Kyst til kyst 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont
 19.50 SportNyt 20.00 Miss Marple 21.35 OBS
 21.40 DR1 Dokumentaren

NRK 1

12.00 NRK nyheter 12.05 Bondeknoen 12.35 Ut
 i næturen 13.00 NRK nyheter 13.10 Par i hjertet
 14.00 NRK nyheter 14.10 Ingen grenser 15.00
 NRK nyheter 15.10 Sommerhuset 15.40 Oddasat
 - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk
 16.00 Kjendisbarnvakten 16.40 Distriktsnyheter
 17.45 Lev lenge! 18.15 Walkabout: Irland rundt
 på 80 kroner 18.45 Fysikk på roterommet 18.55
 Distriktsnyheter 19.30 The Norwegian Solution
 20.00 The Street 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lewis
 22.45 Sosialt sjølvord

svt1

13.45 Gloria-tv 14.00 Rapport 14.05 Sjukdomar
 jag fick på utlandssemesteren 14.50 Så såg vi
 sommaren då 14.55 Engelska Antikrundan 15.55
 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10
 Regionala nyheter 16.15 Kungaslupen Vasaorden
 16.55 Så såg vi sommaren då 17.00 Kungens
 lilla piga 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.55
 Regionala nyheter 18.00 Djursjukhuset 18.30
 Det söta livet 19.00 Nationaldag med Tina Ahlin
 20.00 Nationaldagen 2010 - Tapto från slottet
 20.15 Ramp




FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Frábært opnunartilboð

– flug og gisting frá 21.600 kr.

Í TILFENI AF OPNUN ICELANDAIR HÓTELS AKUREYRAR ÞANN 9. JÚNÍ NK. OG ENDURNÝJUNAR ICELANDAIR HÓTELS LOFTLEIÐA, SEM EINNIG VERÐUR OPNAÐ UNDIR NÝJU NAFNI ÞANN SAMA DAG, ÞJÓÐUM VIÐ FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ Á FLUGI OG GISTINGU Í JÚNÍ.



FLUG OG GISTING Á ICELANDAIR HOTEL AKUREYRI

- Flug frá Reykjavík til Akureyrar og tilbaka, ásamt sköttum
- Gisting í eina nótt á Icelandair Hotel Akureyri
- Verð aðeins **21.600 kr.** á mann í tveggja manna herbergi
- Verð aðeins **25.600 kr.** í eins manns herbergi
- Aukanótt í tveggja manna herbergi **5.600 kr.** á mann og **9.600 kr.** í eins manns herbergi
- Morgunmatur **1.600 kr.** á mann

FLUG OG GISTING Á ICELANDAIR HOTEL LOFTLEIÐUM

- Flug til Reykjavíkur og tilbaka, ásamt sköttum
- Gisting í eina nótt á Icelandair Hotel Loftleirum
- Verð aðeins **21.600 kr.** á mann í tveggja manna herbergi
- Verð aðeins **25.600 kr.** í eins manns herbergi
- Aukanótt í tveggja manna herbergi **5.600 kr.** á mann og **9.600 kr.** í eins manns herbergi.
- Morgunmatur **1.750 kr.** á mann

Bókanlegt hjá hópadeild í síma 570 3075 eða á netfanginu hopadeild@flugfelag.is

Tilboð til Reykjavíkur gildir 1.–30. júní. Tilboð til Akureyrar gildir 9.–30. júní.

→ Bókaðu flugið tímanlega á flugfelag.is

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN



STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útlarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

VÍSIR



„Besti bitinn er borgari á Hamborgarabúllunni.“

Alda Björg Guðjónsdóttir stílisti.

Sverrir keppir hjá Sameinuðu þjóðunum

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á auglýsingum sem bæta samfélagið og hef gert nokkrar slíkar áður fyrir Stígamót og Auga,“ segir Sverrir Björnsson, hönnunarstjóri Hvíta Hússins, en hann er með framlag í auglýsingasamkeppni á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Demó er ofbeldi gegn konum eða No to violence against women og mega allir Evrópubúar senda inn framlag. Að lokum sker dómnefnd úr um hvaða auglýsing ber sigur úr býtum en sú auglýsing verður birt út um allan heim.

„Það eru fleiri Íslendingar í keppinni þetta árið en það er frábært að sjá hversu margir taka þátt. Hugmyndaflugið er óendanlegt og það kemur glöggt

fram þegar margir hönnuðir fá að glíma við sama verkefni,“ segir Sverrir en Íslendingar hafa átt góðu gengi að fagna í auglýsingasamkeppnum á vegum Sameinuðu þjóðanna og í fyrra sigraði Stefán Einarsson með auglýsingu þar sem hann hvatti leiðtoga heimsins að draga úr fátækt. Hann situr nú í dómnefndinni og þarf að velja sigurvegara úr mörg hundruð þátttakendum.

„Sigur í svona keppni getur opnað



ýmsar dyr og fær fyrsta sætið peningaverðlaun upp á 5.000 evrur. Stefán fékk að hitta Antonio Banderas í fyrra á verðlaunaafhendingunni og það væri nú ekki amalegt,“ segir Sverrir. Áhugasamir geta skoðað allar auglýsingarnar sem búið er að senda inn í keppnina og valið þær bestu. Slóðin á keppnina er <http://F03050611Sverrircompetition.create4theun.eu/entries>

eu/entries -áþ

NEI VIÐ OFBELDI GEGN KONUM Þetta er auglýsingin sem Sverrir Björnsson sendi inn í keppnina en hann sat sjálfur fyrir á myndinni.

BURSTAR í vél-sópa á lager

- flestar stærðir

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

DAXARA-KERRUR FÁST Í ELLINGSEN

Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

ellingsen.is

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelpus.is

GLÆSILEG

Brynja Jónbjarnardóttir hefur verið að gera það gott úti í London. Hún sat nýverið fyrir í myndabætti ljósmyndarans Toby Knott og hafa myndirnar vakið gríðarlega athygli. Til vinstri má sjá mynd úr umræddum myndabætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ANDREA BRABIN: ÉG ER AUÐVITAÐ STOLT AF STELPUNNI

BRYNJA JÓNBJARNARDÓTTIR HEILLAR TÍSKUHEIMINN

Myndabáttur með fyrirsætunni Brynju Jónbjarnardóttur í aðalhlutverki hefur vakið mikla athygli í netheimum og hlotið mikið lof. Brynja er búsett í London þar sem hún sinnir fyrirsætuhlutverkinu.

Myndabátturinn nefnist Portrait og er myndaður af hinum þekktu ljósmyndara Toby Knott og stíliserar af Mörthu Ward. Myndirnar eru rómantískar og sumarlegar og á vefsíðunni Fashiongonerogue.com segir að einstakt útlit Brynju fái virkilega að njóta sín á myndunum. Þátturinn þykir svo vel heppnaður að

hann hefur farið eins og eldur um sinu um Netið og birst á vel yfir tug erlendra tískublogga.

Ekki náðist í Brynju vegna anna, en hún er nýflutt til London þar sem hún hyggst dvelja um óákveðinn tíma. Brynja er á skrá hjá Eskimo Models og kveðst Andrea Brabin, eigandi skrifstofunnar, mjög stolt af stúlunni. „Að sjálfsögðu er maður stoltur af henni. Hún er tiltölulega nýflutt út en hefur verið að bóka verkefni nánast daglega, sem telst frábær árangur í þessum bransa.“

Um myndabáttinn segir Andrea:

„Myndirnar eru sérstaklega fallegar og þetta virðist allt bara hafa smolið saman, stíliseringun, myndatökan og hið frísklega útlit Brynju. Útkoman er falleg og sumarleg.“

Spurð hvort velgengni Brynju þýði að hún sé að mala gull segir Andrea það ekki gerast fyrr en fyrirsætur hafa unnið um hríð. „Fólk heldur það gjarnan, en það er ekki alveg þannig. Hún hefur nóg að bíta og brenna en í fyrstu eru þetta minni verkefni sem þær fá. Eftir því sem mappan verður betri og stærri verða verkefni þau líka.“

sara@frettabladid.is

Ofurhugar mæta á Galtalæk

Tjaldsvæðið á Galtalæk er líklega þekktast fyrir fjölskylduhátíðina sem þar fer fram um verslunarmannahelgar. Innan tíðar verður breyting þar á því fyrsta jadarúthátíð landsins fer fram á Galtalæk dagana 24. til 26. júní.

Atli Þór Ingvarsson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, segist lengi hafa langað að skipuleggja úthátíð þar sem tónlist og jadaríþróttir koma saman. Á hátíðinni fer meðal annars fram motocross-sýning þar sem ofurhugarnir Micke Gullstrand og Martin Snellström munu sýna listir sínar, en þetta er í fyrsta sinn sem slíkt sjónarspil fer fram hér á landi. „Þetta eru tveir vel



SKIPULEGGUR JADARHÁTÍÐ Atli Þór Ingvarsson skipuleggur fyrstu jadarhátíð landsins sem mun fara fram á Galtalæk í lok mánaðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þekktir ofurhugar sem hafa sýnt listir sínar víða um heim. Þeir munu sýna ýmsa loftfimeila og ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem

erlendir þátttakendur sýna hér á landi,“ útskýrir Atli Þór. Íslenskir ofurhugar munu einnig koma fram, auk íslenskra BMX- og hjólabrettakappa.

Ætlunin er að hátíðardagskráin höfði til sem flestra og því er boðið upp á fjölbreytt tónlistarval, en á meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram á hátíðinni eru Dikta, Valdimar, Steindi Jr., Blaz Roca og Friðrik Dór. Einnig verður á svæðinu sérstakt teknótjald í boði Techno.is þar sem færustu plötusnúðar landsins munu þeyta skífum.

Miðasala er hafin í verslunum Mohawks í Kringlunni og á Laugavegi og á bensínstöðvum N1. -sm

Nýtt!

Maggi

Juicy Chicken

Hvað ætlar þú að hafa í matinn?

Maggi

It's hugging good

FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTY OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

VÍSI



GLAÐUR Í **BRAGÐI**





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Nýtt
Nova blað
fylgir
blaðinu
í dag!



FRÉTTIR AF FÓLKI

Bókahátíð þenst út

Yfir 180 bækur sem tengjast Íslandi á einn eða annan hátt verða gefnar út í tengslum við bókamessuna í Frankfurt í haust en Ísland er sem kunnugt er heiðursgestur messunnar þetta árið. Útgáfan verður kynnt með formlegum hætti á blaðamannafundi í Frankfurt í dag. Samkvæmt upplýsingum frá **Halldóri Guðmundssyni**, verkefnisstjóra Sögueyjunnar Ísland, er um að ræða áttatíu titla í flokki fagur-bókmennta auk myndlistarbóka, fræðibóka og bóka sem gerast á Íslandi eða tengjast landinu. Þýskur bókamarkaður nær til um eitt hundrað milljóna lesenda þegar allt er talið og hefur íslensk útgáfa aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Sá höfundur sem ber höfuð og herðar yfir aðra í útbreiðslu í hinum þýskumælandi heimi er vitanlega Arnaldur Indriðason, en þrettán þýddar bækur eftir hann verða kynntar á bókamessunni.



Heimsækir ungt afreksfólk

Sjónvarpsmaðurinn **Auðunn Blöndal** leggur nú á ráðin um næstu verkefni sín eftir að þáttur hans og Sveppa á Stöð 2 rann sitt skeið í vor. Í lok síðasta þáttar þeirra var tilkynnt að þeir myndu snúa aftur á skjáinn í sumar í Evrópska draumnum, framhaldi Ameríska draumsins frá því í fyrra. Enn hefur þó ekkert fengist staðfest um hvort og hvenær þessir þættir fara í framleiðslu. Annað og stærra verkefni er á teiknborðinu hjá Auðda, sjónvarpsþáttaröðin Ungu atvinnumennirnir okkar. Vonast Auðunn til að hefja heimsóknir til ungra afreksþróttamanna á erlendri grundu hið fyrsta.



- fgg

Mest lesið **VIÐSÍR**

- 1 Réðust vopnaðir inn á skemmtistað
- 2 Segir geðlægni kynna rítalin eins og snákaolú
- 3 Svefnleysi dregur úr kynhvöt karlmannna
- 4 Veit ekkert hvað gerist á morgun
- 5 Rugl og vitleysa að við séum heimsmeistarar í rítalin...

Office1

Fyrirtækjþjónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

20% AFSLÁTTUR

79.900 kr.
~~99.900 kr.~~

6 MÁNADA VAXTALAUST LÁN

HP Compaq Presario CQ56

Örgjörvi: Intel Celeron T3500
Harður diskur: 320 GB
Vinnsluminni: 3 GB DDR2
Skjár: 15,6" LED BrightView
Skjákort/stýring: Intel® GMA 4500M
Windows 7 Home Premium 64 bita
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.

AFMÆLIS TILBOÐ

OK búðin er 1 árs! Við höldum uppá afmælið með frábærum tilboðum á glæsilegum tölvum.

<p>38% AFSLÁTTUR</p> <p>49.900 kr. 79.900 kr.</p> <p>HP Mini 210</p> <p>Örgjörvi: Intel® Atom™ N455 Harður diskur: 250 GB Vinnsluminni: 1 GB DDR3 Skjár: 10,1" LED BrightView Skjákort/stýring: Intel® GMA 3150 Windows 7 Starter 32 bita Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.</p> <p>6 MÁNADA VAXTALAUST LÁN</p>	<p>33% AFSLÁTTUR</p> <p>99.900 kr. 149.900 kr.</p> <p>HP Pavilion DV6-3130 eo</p> <p>Örgjörvi: AMD Athlon II DualCore P340 Harður diskur: 320 GB Vinnsluminni: 4 GB DDR3 Skjár: 15,6" LED BrightView Skjákort/stýring: ATI HD5470 512 MB Windows 7 Home Premium 64 bita Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.</p> <p>6 MÁNADA VAXTALAUST LÁN</p>
<p>25% AFSLÁTTUR</p> <p>119.900 kr. 159.900 kr.</p> <p>HP Pavilion DV6-3146 eo</p> <p>Örgjörvi: AMD Turion II DualCore P540 Harður diskur: 500 GB Vinnsluminni: 4 GB DDR3 Skjár: 15,6" HD LED BrightView Skjákort/stýring: ATI HD5650 1GB Windows 7 Home Premium 64 bita Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.</p> <p>6 MÁNADA VAXTALAUST LÁN</p>	<p>24% AFSLÁTTUR</p> <p>129.900 kr. 169.900 kr.</p> <p>HP Pavilion DV6-3151eo</p> <p>Örgjörvi: AMD Phenom II DualCore N620 Harður diskur: 640 GB Vinnsluminni: 4 GB DDR3 Skjár: 15,6" HD LED BrightView Skjákort/stýring: ATI HD5650 1GB Windows 7 Home Premium 64 bita Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.</p> <p>6 MÁNADA VAXTALAUST LÁN</p>

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18



OK

búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is